

Skólaráðsfundur 11. maí 2021

Mættir: Skólastjóri, fulltrúar foreldra Aðalsteinn Möller og Eva Sjöfn Helgadóttir, fulltrúi grenndarsamfélags Auður Sigrúnardóttir, fulltrúar kennara Sigrún Eyþórsdóttir og Rósa Björk Guðnadóttir og fulltrúi nemenda Valtýr Ferrel. Áheyrnarfulltrúi og ritari Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri

1. Skólastarfið framundan

Ráðningar

Ráðningum er að verða lokið, ráðnir verða 5 kennarar, einn þroskaþjálfari, forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður frístundar. Tveir kennarar hafa sagt starfi sínu lausu, einn er að fara í ársleyfi og nokkrir eru að minnka starfshlutfall.

Nýjar kennslustofur

Tvær nýjar lausar kennslustofur verða settar út í Hallargarð í sumar, verða á milli kastala og frístundarhúsa.

Nemendafjöldi næsta skólaár verður á bilinu 620 – 630.

Góðgerðardagur, vorhátíð og hausthátíð

Góðgerðardegi er fresta um viku og verður föstudaginn 28. maí. Hann verður með öðru sniði en áður. Stjórn foreldrafélagsins tók ákvörðun um að halda ekki vorhátíð í ljósi aðstæðna en stefnir á hausthátíð 2021.

Fulltrúi grenndarsamfélags fagnar tilfærslu á vorhátíð og gera hana að hausthátíð, í ljósi uppskeruhátíða í ýmsu tómsundastarfi barna.

Fulltrúi nemenda ræðir fyrirkomulag góðgerðardags, að nú verði happdrætti og dagurinn verður rafrænn að þessu sinni, nemendur munu þó enn vinna að undirbúningi og búa til vinninga og söluvöru.

Bólusetningar starfsmanna

Um 70% starfsmanna hefur fengið bólusetningu og vonandi verða þeir fleiri í næstu viku.

2. Stytting vinnuvikunnar

Vinna við útfærslu á styttingu vinnuvikunnar á sér stað núna. Verður mismunandi eftir starfsstéttum innan skólans, t.d. skólaliðar, stuðningsfulltrúar, matráðar, ritarar og húsvörður.

Afgerandi kosning hér innanhúss þar sem 90% starfsmanna kusu að selja alla kaffitíma og taka út styttinguna þegar skólinn er lokaður (í fríum) ásamt 15 mínútum á dag.

Stytting vinnuvikunnar tekur gildi 1. ágúst 2021.

Fulltrúi kennara spyr hvort stytting vinnuvikunnar hjá kennurum hafi verið rædd, en hún er ekki í núgildandi kjarasamningum en vænta má að hún verði tekin upp í næstu samningum.

3. Barnvænt samfélag í Kópavogi

Lokaskýrsla um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna nýkomin og Kópavogsbær skrefi nær að verða barnvænt samfélag.

Önnur mál

Opinn skólaráðsfundur verur í lok maí.

Fulltrúi grenndarsamfélags sendi erindi á bæjarlögmann um kostnað við nýjan skóla, þann 26. febrúar og ítrekun þann 11. mars og hefur enn ekki fengið svar við erindinu. Skólastjóri ætlar að senda ítrekun.

Fulltrúi grenndarsamfélags bendir á að það þyrfti að merkja sleppistæði við Kópavogsbraut (liggja neðan við Vallargerðisvöll).

Fulltrúi nemenda spyr um Skólahreysti og hvort nemendur verða hvattir til að horfa á. Kennarar munu sýna frá útsendingunni í kennslustund og viðburðurinn verður auglýstur á Facebooksíðu skólans fyrir foreldra.